

F J Á R A U K A L Ö G

fyrir árið 1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

	Þús. kr.
Til viðbótar við gjöldin í 2. gr. fjárlaga 1969 er veitt:	
00 Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	44
01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið	81 790
02 Utanríkisráðuneytið	18 026
03 Atvinnumálaráðuneytið	170 111
04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	28 955
05 Félagsmálaráðuneytið	143 178
06 Fjármálaráðuneytið	45 648
07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið	176 881
10 Ríkisendurskoðun	1 000
Samtals	665 633

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 25 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. orðist svo:

1. Þegar skiptaráðandi hefur úrskurðað gjaldþrotaskipti, tekur hann, svo fljótt sem unnt er, til nánari athugunar gögn þau, sem fram eru komin, sbr. 3. gr., og aflar viðbótargagna, ef þurfa þykir. Rannsókn skal beinast að því að afla upplýsinga um eignir þrotamanns og um fjárreiður hans fyrir gjaldþrotið, svo og hvort líkur eru til, að um refsivert athæfi sé að ræða í sambandi við það.

2. Í því skyni er þrotamanni og öðrum, sem hlut eiga að máli, skylt að láta í té:

- Bókhaldsgögn þrotamanns, ef til eru, eða önnur gögn, er skiptaráðandi telur geta skipt máli.
- Skattskýrslur þrotamanns fyrir tvö síðustu ár fyrir gjaldþrot — og eldri, ef efni eru til.

- c) Veðbókarvottorð um fasteignir, skip og loftför þrotamanns, svo og önnur til-tæk opinber gögn á því sviði, m. a. um bifreiðar eftir því, sem efni standa til.
- d) Skriflegar eða munnlegar skýrslur eftir því, sem skiptaráðandi telur þörf á.
- e) Önnur þau gögn, er máli kunna að skipta.

3. Skiptaráðanda er heimilt að meina þrotamanni (stjórnendum félags eða framkvæmdastjóra) brottför úr lögsagnarumdæminu, á meðan rannsókn samkv. þessari grein fer fram.

Nú er för manns tálmað og vill hann eigi una boði skiptaráðanda, og er honum þá rétt að fá formlegan úrskurð, er kæra má til Hæstaréttar. Úrskurðurinn skal kveð-inn upp í rannsóknardeild skiptaréttar, sbr. 2. og 3. tölul. 8. gr.

4. Nú telur skiptaráðandi ekki efni til frekari aðgerða, og lýkur hann þá rann-sókn og boðar skiptafund hið fyrsta. Á þeim fundi skal skiptaráðandi gera grein fyrir rannsókninni og ákvörðun sinni um, að henni skuli lokið. Skuldheimtumenn skulu inntir eftir því, hvort þeir hafi nokkuð til mála að leggja. Bóka skal tillögur þeirra og afgreiðslu á þeim. Að fundi loknum skal skiptaráðandi senda saksóknara endurrit fundargerðar og frumgerð eða endurrit þess, sem fram er komið og máli skiptir. Nú eru málavextir ljósir og ekki líkur til, að neitt nýtt komi fram á skipta-fundi, og getur skiptaráðandi þá fellt fundinn niður.

5. Um kostnað af rannsókn samkv. þessari grein fer sem um kostnað í saka-málum.

Nú hagnast búið af rannsókninni, og úrskurðar þá skiptaráðandi, hvort búið skuli greiða kostnaðinn að öllu eða nokkru.

Úrskurði skiptaráðanda verður einungis skotið til æðra dóms ásamt skipta-gjörðinni, sbr. 1. mgr. 96. gr. skiptalaga nr. 3 1878.

6. Nú telur skiptaráðandi, að rannsókn hans bendi til þess, að um saknæmt misferli sé að ræða, og sendir hann þá saksóknara gögn málsins, sbr. 4. lið.

2. gr.

8. gr. orðist svo:

1. Er saksóknara hafa borizt skýrslur skiptaráðanda og gögn samkv. 4. og 6. tölul. 7. gr., tekur hann ákvörðun um, hvort mál skuli höfða, framhaldsrannsókn fram-kvæmd eða við svo búið skuli standa.

2. Nú telur saksóknari rétt, að rannsókn sé fram haldið, og felur hann þá skipta-ráðanda að annast hana. Rannsókn þessari lýkur, þegar saksóknari telur eigi þörf nánari aðgerða eða gefur út ákæruskjal.

3. Er skiptaréttur annast rannsókn samkv. 2. lið þessarar greinar, nefnist hann rannsóknardeild skiptaréttar.

Við rannsóknina hefur skiptaráðandi alla sömu réttarstöðu og rannsóknardóm-ari í opinberu máli. Hann hefur rétt á aðstoð lögreglu við rannsóknina, enda lúta lögreglumenn þá stjórn hans.

Nú telur rannsóknardeild skiptaréttar þörf á aðstoð bókhaldsfróðs manns, og kveður hún þá slíkan mann til.

Um rannsókn rannsóknardeildar skiptaréttar fer samkv. ákvæðum laga um rann-sókn opinberra mála fyrir dómi, áður en ákæruskjal er gefið út.

Réttarstaða þrotamanns er hin sama og sökunauts í opinberu máli.

4. Rannsóknardeild skiptaréttar getur hvenær sem er leitað umsagnar sak-sóknara um einstök efni rannsóknarinnar, enda getur og saksóknari átt frum-kvæðið.

3. gr.

9. gr. orðist svo:

1. Nú telur rannsóknardeild skiptaréttar málið nægjanlega rannsakað, og skal þá senda saksóknara gögn málsins og endurrit af því, sem máli skiptir.

Nú telur saksóknari eigi þörf frekari rannsókna, og tekur hann þá ákvörðun um, hvort mál skuli höfða gegn þrotamanni eða öðrum.

Ef hann telur það, sem fram er komið, nægjanlegt eða líklegt til sakfellingar, semur hann ákæruskjal, sbr. 115. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961. Annars kostar lætur hann við svo búið standa.

2. Mál skal rekið fyrir sakadómi þeim, sem lögsögu á í umdæmi, þar sem skipti fara fram. Saksóknara er þó heimilt að stefna máli til annars sakadóms, ef haggfældara þykir, enda mæli eigi neitt sérstakt því í gegn.

3. Sakadómur sá, sem með málið fer, kveður á um stað og stund til þingfestingar máls, ritar þá ákvörðun sína á ákæruskjalið og lætur birta það með venjulegum hætti eða fyrir dómi.

Um leið og ákæruskjal er birt sökunaut, skal hann spurður, hvort hann vilji halda uppi vörn eða fá verjanda og þá hvern, ef því er að skipta.

4. Um málsmeðferð fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála að því leyti, sem við getur átt, þar á meðal um kostnað af málinu.

4. gr.

Síðari málsliður 32. gr. falli brott.

5. gr.

Orðin „en þó aldrei síðar en 18 mánuðum eftir síðustu birtingu innköllunar, nema lögmætur skiptafundur samþykki, að skipti dragist lengur“ í 36. gr. falli brott.

6. gr.

Síðari málsgrein 39. gr. falli brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal þeim beitt við þau bú, sem tekin eru til skipta eftir gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

F O R S E T A B R É F

um þinglausnir.

F O R S E T I Í S L A N D S

gjörir kunnugt: Alþingi, 92. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, laugardaginn 20. maí 1972.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.